

# Lög um fiskeldi

## Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Nú hefur höfundur skrifað ellefu greinar í Morgunblaðið um spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi þar sem gerendur hafa þá leiðarljósi mikinn fjárhagslegan ávinning. Þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð nefnast að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture) og það sorglega er að þeim virðist hafa verið viðhaldið eftir að lögin voru samþykkt frá Alþingi sumarið 2019.

## Byggja grunninn

Í upphafi skyldi endinn skoða, það hefur eflaust verið gert af íslenskum athafnamönnum sem sóttu um fjölda eldissvæða fyrir laxeldi í sjókvíum. Til að tryggja framgangi í leyfisveitingarferlinu og til að geta blokkerað aðra komu stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sér í opinberan stefnumótunarhóp í fiskeldi sem skilaði af sér skýrslu árið 2017 sem fylgt var eftir í reglu alla stjórnsýsluna. Höfðu erlenda fjárfesta sem bakhjarla og virðast í raun hafa verið leppar þeirra. Margt jákvætt hefur átt sér stað við uppbyggingu laxeldis í sjókvíum hér á landi, s.s. skapa störf og hleypa nýju lífi í sjávarbyggðir. Það sem er aftur á móti gagnrýnivernt er hvernig stjórnarformennirnir nýttu aðstöðu sína við að semja leikreglur sér og erlendum fjárfestum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra, m.a. frumkvöðla í sjávarbyggðum.

## Verðmæti Arnarlax

Til einföldunar verður aðeins fjallað um fjárhagslegan ávinning hjá einu fyrirtæki, Arnarlaxi, sem hefur verið leiðandi í uppbyggingu laxeldis í sjókvíum hér á landi. Arnarlax hefur nú leyfi til að vera með hámarkslífmassa af laxi upp á 25.200 tonn og í umsóknarferli eru 14.500 tonn. Þegar öll leyfi eru komin í höfn hefur Arnarlax heimild til að vera með í sjó 39.700 tonna hámarkslífmassa af laxi og ársframleiðslan getur þá verið yfir 50.000 tonn af laxi upp úr kvíum. Eigið fé Arnarlax er metið á um 15 milljarða króna.

## Verðmæti eldisleyfa

Fram hefur komið í fjölmiðlum að markaðsverðmæti Arnarlax, sem kallar sig núna Icelandic Salmon í Noregi, er um 52 milljarðar króna. Ísland er á jaðarsvæði fyrir laxeldi í sjókvíum og eru vissar efasemdir um samkeppnishæfni greinarinnar næsta áratug og jafnvel næstu áratugi. „Hækkun í hafi“ um tugi milljarða króna, m.a. með skráningu á erlendan hlutabréfamarkað má því eflaust skýra að mestu leyti með verðmæti eldisleyfa. Slútar af leyfunum er enn þá í umsóknarferli og kann verðmat á Arnarlaxi á erlendum hlutabréfamarkaði hugsanlega að hækka þegar öll leyfin eru komin í höfn. Gildi lífeyrissjóður og Stefmir fjárfestu fyrir 4 milljarða króna, en eignast fyrir það eingöngu um 8% hlut.

## Að fanga ríkisvaldið

Hér er um mikil verðmæti að ræða og því ekki að ástæðulausu að forsvarsmenn laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa



Valdimar Ingi Gunnarsson

farið mikinn vandanfarin ár með væntingar um verulegan fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi:

*Farið með hótunum:* Til að ná framgangi í sínum málum hefur verið farið með hótunum og í sumum tilvikum hefur fyrrverandi opinber starfsmaður og formaður stefnumótunarhópsins, nú lögfræðingur

## » Þess hefur ítrekað verið óskað að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd láti fara fram opinbera rannsókn

hjá Arnarlaxi, farið fremstur í flokki.

*Misnota opinbera starfsmenn:* Fyrrverandi ráðherra hefur verið notaður í „lobbýisma“ og starfsmenn stjórnsýslunnar hafa verið misnotaðir eins og bent var á í síðustu grein höfundar í Morgunblaðinu.

*Prýstingur á þingmenn:* Forsvarsmenn laxeldisfyrirtækjanna hafa lagt mikið upp úr að þrýsta á stjórnmalamenn sínum málum til framdráttar og jafnvel eltir út í sjókvíar í kynnisferðum alþingismanna í Noregi.

## Eldisleyfi varanleg eign?

Það er búið að skapa mikil verðmæti með því að skrúfa verðmæti eldissvæðanna upp. Þegar kemur að endurnýjun á eldisleyfum eftir 16 ár verður þrýstingur á að um varanlega eign sé um að ræða. Sviðsmyndin gæti verið þessi:

*Lækkun á lífeyri* Ef íslenskir lífeyrissjóðir verða búnir að fjárfesta mikið í laxeldinu verður mikill þrýstingur á að eldisleyfin verði framlengd án mikils kostnaðar til að koma í veg fyrir verulega lækkun á hlutabréfum og þar með lífeyri sjóðsfélaga.

*Hóta að hætta:* Leiðandi fjárfestar, jafnvel erlendir eigendur, geta hótad að hætta ef eldisleyfin fást ekki aftur ódýrt og þrýstingur verður frá nærsamfélaginu til að koma í veg fyrir að atvinnutækifæri tapist og verðmæti fasteigna minnki.

*Aftur ódýr eldisleyfi:* Þegar að þessum tímamarki er komið geta þeir sem fyrst komu að borðinu verið búnir að selja sinn hlut og taka út ávinninginn. Það munu hluthafar sem eftir eru, hugsanlega mest íslenskir, benda á og fara fram á að leyfin fái aftur ódýrt.

## Beiðni um opinbera rannsókn

Það hljóta margir áhrifamenn að skammast sín, sem hafa greitt götu eða látið undan miklum þrýstingi stjórnarformannanna og annarra sem hafa unnið vel og skipulega að sínum málum með mikinn fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi. Þess hefur ítrekað verið óskað að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd láti fara fram opinbera rannsókn, en nefndin hefur valið þá leið að reyna að þagga málið niður með því að svara ekki beiðnum. Eflaust hugsa menn að e.t.v. er best að sópa þessu máli undir teppi.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.  
valdimar@sjavarutvegur.is